



Aðalfundur ÍTF - stjórnarkjör

Aðalfundur ÍTF var haldinn miðvikudaginn 14.febrúar í nýjum húsakynnum Deloitte við Dalveg í Kópavogi. Á fundinum voru hefðbundin aðalfundarstörf skv. samþykktum ÍTF og þar með voru kosningar í þrjú sæti í stjórn samtakanna.

Stjórn ÍTF skipa eftirtaldir aðilar: (kjörin 2023 til 2ja ára)

Formaður	Orri Hlöðversson
Varaformaður	Jón Rúnar Halldórsson
Ritari	Guðbjörg F Torfadóttir
Stjórnarmaður	Heimir Gunnlaugsson

Fjórir aðilar voru í framboði til þriggja sæta í stjórn:

Baldur Már Bragason	HK
Guðmundur Óskar Pálsson	KR
Styrmir Þór Bragason	Valur
Samúel Samúelsson	Vestri

Kosningar fóru svo að réttkjörnir í stjórn ÍTF voru:

Baldur Már Bragason	HK
Styrmir Þór Bragason	Valur
Samúel Samúelsson	Vestri

Endurskoðandi ÍTF er Jónas Gestur Jónasson hjá Deloitte og kjörnir skoðunarmenn reikninga þau Guðrún Inga Sívertsen og Eymundur Einarsson.

Fundurinn var vel sóttur þar sem 33 fulltrúar af 44 mættu eða 75% mæting en 50% fulltrúa þarf til þess að fundurinn teljist lögmætur.

Rekstraráætlun og rauntölur

Skýr.	Áætlun 2023	Raun 2023
Rekstrartekjur	441.000.000	461.899.947
Laun og annar starfsmannakostnaður	(34.000.000)	(32.763.083)
Annar rekstrarkostnaður	(102.100.000)	(107.454.197)
Framlög til aðildarfélaga	(300.000.000)	(302.855.353)
Rekstrarhagnaður	4.900.000	18.827.314
Fjármunatekjur	0	901.318
Fjármagnsgjöld	0	(142.382)
Gengismunur	0	2.063.481
	0	2.822.417
Hagnaður ársins	4.900.000	21.649.731

Helstu tölur úr ársreikningi og áætlun 2023



Fundurinn var vel sóttur af aðildarfélögum

Aðalfundur ÍTF – ársreikningur

Á aðalfundi ÍTF var lagður fram ársreikningur ársins 2023 og tillaga að fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið 2024. Í reikningnum kemur fram að greiðslur til aðildarfélaga á árinu 2023 námu rúmum 300 milljónum króna og voru í samræmi við áætlun ársins en gert er ráð fyrir sömu greiðslum fyrir árið 2024. Rekstrartekjur námu samtals 461 milljón króna og voru nokkru hærri en áætlun gerði ráð fyrir og var hagnaður að meðtöldum gengishagnaði og fjármunatekjum tæplega 22 milljónir króna. Markaðs – og auglýsingakostnaður er stærsti einstaki liðurinn í rekstrarkostnaði ÍTF og var á síðasta ári tæplega 37 milljónir króna en ÍTF sér um markaðssetningu á Bestu deildum karla og kvenna. Hagnaður af rekstri ÍTF kemur til greiðslu til aðildarfélaga í lok samningstímabils núverandi réttindasamninga, þ.e. að loknu keppnistímabilinu 2026 og er þá miðað við stöðu félaga í deildunum á tímabilinu 2022-2026.

Í fjárhagsáætlun ársins 2024 er gert ráð fyrir að rekstrartekjur verði um 469 milljónir króna og að rekstrarhagnaður verði af ÍTF um 18 milljónir króna fyrir fjármunagjöld og gengismun.

Rekstur ÍTF hefur verið skv. áætlunum og úr þeim réttindasamningum sem gerðir voru í byrjun árs 2022 hafa ríflega 600 milljónir króna verið greiddar til aðildarfélaganna á tveimur árum, mest til liða í Bestu deild karla þar sem réttindasala í þeirri deild er sú verðmætasta.



Formaður ÍTF fer yfir skýrslu stjórnar

Árþing KSÍ – Viljayfirlýsing ÍTF og KSÍ um aukið samstarf

Árþing KSÍ var haldið í húsakynnum Fram í Úlfarsárdal laugardaginn 24.febrúar.

Á þinginu var kosið um formann KSÍ auk þess sem kosið var um 4 sæti í stjórn KSÍ. Guðni Bergsson, Vignir Már Þormóðsson og Þorvaldur Örlýgsson voru í kjöri til formanns og þurfti meirihluta atkvæða til þess að ná kjöri. Vignir Már og Þorvaldur voru í kjöri í síðari umferð kosninganna og fór svo að Þorvaldur Örlýgsson var réttkjörinn formaður KSÍ með 75 atkvæðum gegn 70 atkvæðum Vignis.

Sjö framboð bárust í fjögur sæti í stjórn KSÍ og voru eftirtaldir aðilar kjörnir í stjórn KSÍ til tveggja ár:

Ingi Sigurðsson
Pálmi Haraldsson
Sveinn Gíslason
Þorkell Máni Pétursson

ÍTF bindur vonir við gott samstarf við nýja stjórn en fjölmörg málefni eru aðkallandi sem rétt væri að aðildarfélögin, ÍTF og KSÍ vinni sameiginlega að. ÍTF og KSÍ hafa sameiginlega gefið út viljayfirlýsingu um aukið samstarf sem er hér að neðan.

Í kjölfar nýafstaðins árþings KSÍ og þeirrar umræðu sem uppi hefur verið varðandi samskipti KSÍ og ÍTF lýsa stjórnir beggja samtaka yfir vilja til aukins samstarfs knattspyrnunnar á Íslandi til heilla. ÍTF eru samtök félaga sem eiga lið í tveimur efstu deildum karla og kvenna. Öll félög innan ÍTF eru aðildarfélög KSÍ. Af beggja hálfu er vilji til þess að leggja sérstaka áherslu á samstarf um móta- og dómaramál, markaðs- og kynningarmál, fræðslumál, og þróun ungra leikmanna. Með virku og opnu samtali og samstarfi næst mestur árangur.

Með viljayfirlýsingu þessari er markað nýtt upphaf að auknu og bættu samstarfi ÍTF og KSÍ sem báðir aðilar leggja áherslu á til lengri tíma og er í samræmi við stefnumótun beggja aðila.



Einar Njálsson, markaðsstjóri Lengjunnar og Birgir Jóhannsson, framkvæmdastjóri ÍTF við undirritun samnings

Framlengt við Unbroken og Lengjuna

ÍTF hefur framlengt samstarfssamninga við Unbroken og Íslenskar getraunir, Lengjuna, og eru fyrirtækin því áfram í hópi 4 stærstu samstarfsaðila Bestu deildanna. Samningur við Unbroken gildir út keppnistímabilið 2024 með framlengingarákvæði og samningur við Lengjuna út keppnistímabilið 2026.

Íslenskar getraunir hafa lengið verið einn af helstu stuðningsaðilum innan knattspyrnuhreyfingarinnar, bæði með stuðningi við landslið Íslands og félagsliðin.

Unbroken hefur haslað sér völl innan íþróttahreyfingarinnar með framleiðslu á náttúrulegu fæðubótarefni og var eitt af þeim fjórum fyrirtækjum sem hófu samstarf við ÍTF þegar Besta deildin var sett á fót árið 2022.

Það er gríðarlegt mikilvægt fyrir þróun og vöxt deildanna að hafa sterka samstarfsaðila og mikið fagnaðarefni að þessi tvö fyrirtæki hafi staðfest áframhaldandi samstarf við deildinar.

Nýr boltasamningur við Select

Nýr samstarfssamningur hefur verið undirritaður við Altís sem er umboðsaðili Select bolta og verður Select keppnisbolti Bestu deilda næstu 3 árin eða út keppnistímabilið 2026 skv. samningi.

Fyrri samstarfssamningur rann út að loknu keppnistímabilinu 2023 og voru nýir keppnisboltar boðnir út á meðal umboðsaðila á haustdögum þar sem 4 aðilar tóku þátt í útboðinu. Skemmst er frá því að segja að tilboð Altís/Select var besta tilboðið sem barst og því var gengið til samninga og samningurinn endurnýjaður til ársloka 2026 eins og áður segir. Í samningnum er gert ráð fyrir tilteknum fjölda bolta fyrir meistaraflokka félaganna á afsláttarverði auk þess sem aðildarfélögin fá jafnframt ákveðið magn af fríum boltum. Sú nýjung er í þessum samningi að aðildarfélögum stendur jafnframt til boða að fá bolta fyrir yngri flokka starf á afsláttarkjörum. Ástæða til að fagna þessum nýja samningi og bolti sem notaður er í mörgum stórum deildum Evrópu er áfram notaður í efstu deildum hér á Íslandi.





Leikmannaspjöld í Bestu deildum

Í sumar verða gefin út leikmannaspjöld í Bestu deildunum, ekki ósvipað leikmannaspjöldum sem gefin eru út í Meistaradeild Evrópu og í ensku úrvalsdeildinni. Spjöldin eru gefin út í samstarfi við Nike á Íslandi (Icepharma) sem sér um dreifingu og markaðssetningu á spjöldunum en Sporthero sér um framleiðsluna. Gert er ráð fyrir að 8 spjöld verði í hverjum pakka, jafn mörg spjöld af leikmönnum úr Bestu deild karla og Bestu deild kvenna en auk þess verða aukaspjöld í pakkanum.

Síðast voru gefin út spjöld með íslenskum leikmönnum keppnistímabilið 2011 og því mikil framför að geta boðið aftur upp á þessa viðbót í markaðssetningu deildanna.

Spjöldin eru fyrst og fremst hugsuð sem aukið kynningarefni á leikmönnum og liðum í Bestu deildunum og verða vonandi skemmtileg viðbót við það kynningarefni sem þegar er til fyrir deildirnar.



Fjölgun notenda á samfélagsmiðlum

Veruleg fjölgun hefur verið á fylgjendum Bestu deildanna á samfélagsmiðlum á einu ári eða frá því við upphaf keppnistímabilsins 2023. Í mars 2023 voru fylgjendur rétt ríflega 7.000, mest á Instagram og Twitter en nú í febrúar 2024 eru fylgjendurnir rétt um 12.000 sem er fjölgun um ríflega 60% á tímabilinu.

Mest fjölgun er á Tik Tok þar sem fjöldi fylgjenda hefur fjórfaldast á tímabilinu og er ætlunin á komandi keppnistímabili að leggja mikla áherslu á tiltekna samfélagsmiðla til að vekja athygli á deildunum, setja inn skemmtileg myndbönd og höfða til einstakra markhópa sem viðhorfskannanir sýna að mikilvægt er að ná til.

Stefnt er að því að fjölga fylgjendum á samfélagsmiðlum um a.m.k. 25% á ári út keppnistímabilið 2026 og verður glöggt fylgst með því hvar helst er þörf á að bæta í þjónustuna miðað við þróun fylgjenda.



FÓTBOLTI FYRIR MARKMIÐIN

ÍTF gerðist aðili að verkefni Sameinuðu Þjóðanna í lok árs 2023

„Fótbolti fyrir markmiðin“ – verkefni Sameinuðu Þjóðanna

Líkt og áður hefur komið fram er ÍTF aðili að sérstöku verkefni Sameinuðu Þjóðanna, „Football for the goals“, eða „Fótbolti fyrir markmiðin“, sem er vettvangur til þess að nýta fótoltasamfélagið til þess að berjast fyrir sjálfbærnimarkmiðum SP.

ÍTF leggur sérstaka áherslu á 11 stefnupunkta í sínu starfi og hvetur aðildarfélögin og samstarfsaðila til að gera slíkt hið sama, nýta þennan vettvang til að vekja athygli á og starfa í samræmi við þessa stefnu.

Annars vegar er um að ræða 7 stefnupunkta sem snúa að almennum mannréttindum þar sem virðingu, jafnrétti og jöfn tækifæri skal veita öllum þeim sem taka þátt í fótbolta og hins vegar 4 stefnupunkta sem snúa að virðingu fyrir umhverfinu og náttúrunni. Aðildarfélögum ÍTF verða sendar frekari upplýsingar um verkefnið og hvernig þau geta nýtt sér vettvanginn í sínu starfi.

Virðing, jafnrétti og jöfn tækifæri:

1. Gegn kynþáttafordómum
2. Vernd barna og unglinga
3. Jafnrétti án aðgreiningar
4. Fótbolti fyrir alla
5. Heilsa og góð líðan
6. Stuðningur við flóttafólk og hælisleitendur
7. Samstaða

Virðing fyrir umhverfinu og náttúrunni:

8. Endurnýting og endurvinnsla
9. Huga að kolefnisspori
10. Sjálfbærni viðburða
11. Sjálfbærir innviðir



Fræðsla vegna veðmálapátttöku leikmanna og hagræðingu úrslita

ÍTF stefnir að því að standa fyrir fræðslu fyrir leikmenn í efstu deildum vegna veðmálapátttöku og hagræðingu úrslita og verður leitað eftir samstarfi við KSÍ um það verkefni. Fræðslan verður í samræmi við áherslur FIFA Global Integrity Programme, en annars vegar mun fræðslan miða að því að gera leikmönnum grein fyrir þeirri hættu sem felst í mikilli veðmálapátttöku almennt, veðmálafíkn og afleiðingum hennar og svo hins vegar gera leikmönnum grein fyrir því regluverki sem er í kringum veðmálapátttöku leikmanna og tengingu við hagræðingu úrslita í leikjum.

Hversu umfangsmikil er veðmálapátttaka leikmanna?

Mjög mikilvægt er fyrir knattspyrnuhreyfinguna að fá upplýsingar um hversu umfangsmikil veðmálapátttaka leikmanna er og verður einfaldlega gerð könnun á meðal allra skráðra leikmanna í meistaraflokki liða í efstu deildum, 22 ára og yngri til þess að reyna að meta umfangið. Könnunin verður nafnlaus og treyst á að leikmenn svari eftir bestu samvisku. Fyrirmynd þessarar könnunar er sótt til sænsku deildasamtakanna sem standa að Allsvenskan og fengust úr þeirri könnun mjög mikilvægar upplýsingar um stöðuna í Svíþjóð.

Hvers vegna upplýsingar og fræðsla?

Mikilvægi þess að afla upplýsinga um veðmálapátttöku leikmanna og fræða leikmenn um hættur sem geta falist í veðmálum er í raun þríþætt:

- Persónuleg vandamál einstakra leikmanna vegna veðmálapátttöku sem leitt getur til veðmálafíknar
- Aukin hættu á hagræðingu úrslita með veðmálapátttöku eða veðmálafíkn leikmanna
- Ef leikmenn verða uppvísir að hagræðingu úrslita í tengslum við veðmálapátttöku minnka verðmæti viðkomandi keppni/deildar mjög og hefur óbætanleg áhrif til lengri tíma. Í heilindum leiksins felast gríðarleg verðmæti fyrir íslenska knattspyrnu, orðsporið er dýrmætt í hvaða skilningi sem er, ekki síst fjárhagslega.

Með því að standa fyrir fræðslu og upplýsingasöfnun er því ÍTF að taka á öllum ofangreindum atriðum og sinna því hagsmunagæsluhlutverki sem samtökunum er ætlað.

Framkvæmd

Framkvæmd verkefnisins skiptist í þrjá hluta:

- Kortlagning og skoðanakönnun. Gerð verður könnun á meðal leikmanna í tveimur efstu deildum karla og kvenna að sænskri fyrirmynd til að safna gögnum.
- Fræðsla í gegnum netið. Fræðsla fer fram í gegnum netið þar sem hver og einn leikmaður fer í gegnum stutta fræðslu um regluverkið og hættur, einstaklingsbundin fræðsla þar sem leikmenn verða að standast ákveðið próf að fræðslu lokinni. Jafnframt að sænskri fyrirmynd og hefur gefist afar vel. Hugsanlega verður slík fræðsla og próf gerð að skyldu fyrir alla leikmenn en það er sú leið sem sænsku deildasamtökin hafa farið.
- Aðstoð fyrir aðila sem glíma við veðmálafíkn. Leiða má líkur að því að nokkur fjöldi þeirra sem veðja reglulega á knattspyrnuleiki glími við veðmálafíkn og þarfnist aðstoðar til að vinna bug á þeirri fíkn. Knattspyrnuhreyfingin sjálf getur illa tekist á við slík vandamál nema með aðstoð og leiðbeiningum frá fólki með sérfræðipækkingu, s.s. frá SÁÁ.

Af hverju verkefni ÍTF?

Knattspyrnuhreyfingin er langstærsti hagaðilinn í íslenskri íþróttahreyfingu hvað varðar hagræðingu úrslita og heilinda í íþróttum. ÍTF eru hagsmunasamtök félaga í efstu deildum karla og kvenna og innan aðildarfélaga samtakanna eru stór hluti knattspyrnufólks á Íslandi. Lyfjaeftirlit Íslands er sú stofnun sem á að vinna að forvörnum og fræðslu vegna þessara mála en ekkert samtal hefur átt sér stað á milli þeirrar stofnunar og ÍTF. ÍTF telur það því skyldu sína að gæta að hagsmunum aðildarfélaga sinna, leikmanna og annarra þátttakanda í leiknum og eiga frumkvæðið að því að fræða leikmenn og aðstoða eftir þörfum og getu sé þess nokkur kostur.